

Reikningsskilaráð ríkisins

8. Fundur – 4. maí 2017 kl. 09:00

FUNDARGERÐ

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Ólafur Hjálmarsson og Margrét Björk Svavarsdóttir.
- Forföll: Anna Birgitta Geirfinnsdóttir boðaði forföll.
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Sveinn Arason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerð 7. fundar var samþykkt.
2. **Vinnuhópar á vegum reikningsskilaráðs.** Farið var yfir skipan fulltrúa í hópana og efni fundar formanns reikningsskilaráðs með hópunum um tilgang og hugsanleg verkefni hópanna. Rætt var um hvaða erindi ættu að fara fyrir hvaða hóp og var ákveðið að beina málum til þeirra fljótlega til að virkja þá. Jafnframt kom fram að mögulega væri sama máli beint til fleiri en eins hóps, svo sem flokkun á nýjum ríkisaðila.
3. **Ríkisreikningur 2016 og stofnefnahagur 2017.** Ríkisreikningur 2016 er á áætlun. Óreglulegir liðir hafa tafið fyrir, svo sem uppgjör á A-deild LSR í árslok 2016 og uppgjör stöðuleikaframlaga. Eru að bíða eftir endurskoðun Lindarhvals. Nokkrar ríkisstofnanir hafa ekki lokið uppgjöri innan tilskilins tímafrests. Nauðsynlegt er að auka agann og láta reyna á ábyrgð forstöðumanna í þessu tilliti.
4. **Reikningsskilastaðlar, framhaldsumræða.** Ekki mikil breyting frá síðasta fundi. Skoðast betur á næsta fundi.
5. **Önnur mál.** Farið yfir hugmyndir um stofnun íslensks stöðuleikasjóðs og hvernig þannig sjóður yrði færður í bækur ríkisins. Gera má ráð fyrir að formlegt erindi berist til reikningsskilaráðs frá nefnd sem er að skoða framkvæmd þjóðarsjóðs.

Ekki annað rætt og fundi slitið kl. 10:30